

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 20. mars kl. 12:00 var haldinn 106. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Dofri Hermannsson, Vigdís Hauksdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Gunnar Sigurðsson og Finnbogi Rögnvaldsson.

Ennfremur sátu fundinn framkvæmdastjóri Fjármála og innri endurskoðandi.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram endurskoðunarskýrsla með ársreikningi 2008, dags. í mars 2009.

Auðunn Guðjónsson og Hlynur Sigurðsson frá KPMG komu á fundinn og gerðu grein fyrir skýrslunni.

Svandís Svavarsdóttir og Dofri Hermannsson óska bókað:

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna telja ljóst af endurskoðunarskýrslu við ársreikning 2008 að nauðsynlegt sé að dreifa mun betur áhættu af orkusölu til stóriðju. Tekjur Orkuveitunnar af þessum þætti starfseminnar eru beintengdar verði á áli sem nú er í sögulegu lágmarki og óvíst um þróun þess næstu ár. Þetta þarf að hafa í huga þegar gengið er til viðræðna við nýja aðila um orkusölu til stórnotenda. Jafnframt er í þessu sambandi vert að halda því til haga að afkoma Century Norðuráls er afar erfið nú um stundir og allsendis óvíst að fyrirtækið geti staðið við áform um uppbyggingu álvers í Helguvík.

2. Lagður fram dómur í máli Hafnarfjarðarbæjar gegn Orkuveitu Reykjavíkur dagsettur 18. mars 2009.

Þórunn Guðmundsdóttir hrl. kom á fundinn og gerði grein fyrir dómnum.

Stjórn felur forstjóra að taka ákvörðun um framhalds málsins.

3. Styrkjamál.

Samþykkt stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að auglýsa eftir umsóknum um styrki til samfélagslegra verkefna. 50 mkr. verði til ráðstöfunar.

Áhersla skal lögð á styrkveitingar til mannúðar- og samfélagsmála, menningarmála, umhverfis- og útivistarmála og til íþróttar- og æskulýðsmála, þ.m.t. styrkir til afreksfólks.

- Lagt fram erindi Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar vegna ráðstefnunnar ECO-Procura, dagsett 5. nóvember 2008.

Stjórn samþykkir erindið og veitir verkefninu styrk að fjárhæð 2 mkr.

- Lagt fram erindi Markúsar Heimis Guðmundssonar, forstöðumanns Hins hússins, dags. 19. desember 2008, vegna Austurbæjar.

Stjórn samþykkir erindið og veitir verkefninu styrk að fjárhæð 750 þkr.

Vigdís Hauksdóttir vék af fundi kl. 14:00.

4. Lagt fram erindi sviðsstjóra fjármálasviðs dags. 20. þ.m. ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun OR 2009, sbr. samþykkt stjórnarfundar OR 29. desember 2008. Jafnframt lagt fram ódags. yfirlitsblað yfir helstu niðurstöður endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

Stjórn samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun samstæðu pr. 20. mars 2009.

5. Lagt fram ársyfirlit Askar Capital 2008 yfir þróun erlendra lána og gengishreyfingar ársins, sem fylgir með ársreikningi 2008. Samhliða lagt fram vefyfirlit frá Askar Capital yfir stöðu gengis og lána 19. mars 2009.
6. Lagt fram bréf stjórnarformanns orkuskólans REYST, dags. 19 þ.m. um breytt fyrirkomulag kennslu við skólann.
7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra Þjónustusviðs, dags. 13. þ.m. um innheimtu orkureikninga.
8. Önnur mál

Lagðar fram eftirfarandi fundargerðir:

- Stjórnar Reykjavík Energy Invest 3. febrúar, 12. febrúar, 17. febrúar og 19. febrúar 2009.
- Stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur 15. janúar og 21. janúar 2009.
- Stjórnar Uppgræðslusjóðs Ölfuss 4. desember, 11. desember 2008, 12. febrúar, 9. mars og 13. mars 2009.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 14:30.**

Guðlaugur G. Sverrisson

Dofri Hermannsson, Finnbogi Rögnvaldsson, Gunnar Sigurðsson, Kjartan Magnússon,  
Svandís Svavarsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.